

SAMSTARFSSAMNINGUR

Garðabæjar og Bessastaðasóknar um æskulýðsstarf

Garðabær, kt. 570169-6109, og Bessastaðasókn, kt. 611087-1529, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framkvæmd æskulýðsstarf á vegum Æskulýðsfélags Bessastaðasóknar.

- Tilgangur og forsendur.**

Með samningi þessum er kveðið á um áherslur í starfi Æskulýðsfélags Bessastaðasóknar og gangkvæmar skyldur samningsaðila með tilliti til skipulags og framkvæmd á barna- og unglingastarfi.
- Allir sem að starfi með æskufólki á vegum félagsins koma þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.
- Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks. Stjórn ber ábyrgð á að félagið innleiði og starfi samkvæmt leiðbeiningum og verklagsreglum um kynferðislegt áreiti. Félagið skal setja upp áætlanir varðandi eineltismál og njóta samvinnu við Garðabæ um fræðslu og viðbrögð við þeim. Þar skal byggt á forvarnastefnu bæjarins þar sem m.a. kemur fram áhersla á að uppræta og vinna gegn einelti, finna fyrirbyggjandi lausnir og auka samvinnu allra uppeldisaðila til að uppræta einelti í skólum og félagsstarfi í Garðabæ.
- Hlutverk Æskulýðsfélags Bessastaðasóknar er m.a. að:**
 - Efla barna- og unglingastarf við kirkjuna m.a. í formi sunnudagaskóla.
 - Efla tengsl við annað íþrótta-, tómstunda- og forvarnarstarf í Garðabæ.
 - Annast fræðsluverkefni fyrir börn og ungmenni með áherslu á mannréttindi, hjálparstarf, lífsleikni og almennt siðfræði.
 - Annast leiðtogaþjálfun fyrir unglinga í samstarfi við önnur félög og stofnanir í Garðabæ.
 - Vinna að bættu unglingasamfélagi í Garðabæ og auka breidd og valkosti í æskulýðsstarfi í bænum.
 - Þjóða upp á foreldramorgna með fræðslu og góðu samfélagi
 - Þjóða aðstoð við lífsleiknikennslu FG með fræðslu um sorgarúrvinnslu og almennu hjálparstarfi.
 - Tilnefna fulltrúa í forvarnarteymi bæjarins og taka þátt í forvarnarfræðslu í samstarfi við forvarnarfulltrúa Garðabæjar.
- Fjármál og gangkvæmar skyldur.**

Við undirritun samnings skal Æskulýðsfélag Bessastaðasóknar leggja fram stefnumótun og starfsáætlun um barna- og unglingastarf á tímabilinu. Þar skulu koma fram skýr markmið um starfið og hvernig staðið verður að mati á árangri. Áætlunin skal metin og endurskoðuð af íþrótta- og tómstundaráði ár hvert í september við undirbúning fjárhagsáætlunar Garðabæjar.

Á gildistíma samningsins greiðir Garðabær Æskulýðsfélagi Bessastaðasóknar kr. 3.300.000,- árlega.
- Gildistími og endurskoðunarákvæði.**

Samningur þessi gildir til loka árs 2025

Garðabær, 2023

F.h. Æskulýðsfélags Bessastaðasóknar

F.h. Garðabæjar

formaður sóknarnefndar

Almar Guðmundsson
bæjarstjóri